

# Reglur um upplýsingar um viðskiptamenn

Samþykkt 18.8.2017 / Áætluð endurskoðun 18.8.2018 / Ábyrgðaraðili: Regluvörður

## 1. Inngangur

- 1.1. Reglur þessar eru settar af stjórn Kviku banka hf. (*hér eftir nefndur bankinn*), með vísan til 19. gr. b. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.
- 1.2. Markmið reglnanna er að stuðla að því að bankinn fari með upplýsingar um viðskiptamenn sína í samræmi við gildandi lög og reglur sem mæla fyrir um meðferð og öryggi persónuupplýsinga og þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja.

## 2. Gildissvið

- 2.1. Reglurnar gilda um öll svið bankans og gilda jafnt um upplýsingar sem viðskiptamenn hafa veitt bankanum og upplýsingar sem bankinn hefur aflað um viðskiptamenn sína.
- 2.2. Reglurnar gilda um vinnu allra starfsmanna, stjórnarmanna, endurskoðenda, verktaka og allra annarra, sem taka að sér verk í þágu bankans.
- 2.3. Reglurnar ná til allra upplýsinga í vörslu bankans sem varða viðskipta- og/eða einkamálefni viðskiptavina í samræmi við skilgreiningu 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, óháð því á hvaða formi slíkar upplýsingar kunna að vera. Reglurnar gilda jafnframt um sérhverja rafræna og handvirka vinnslu upplýsinga um viðskiptamenn bankans.

## 3. Varðveisla upplýsinga um einstaka viðskiptamenn

- 3.1. Bankinn varðveitir upplýsingar sem viðskiptamenn hafa veitt honum við upphaf viðskipta. Sama á við um upplýsingar sem bankinn hefur aflað eftir að viðskipti hófust. Bankinn varðveitir upplýsingarnar ýmist á rafrænu formi og/eða pappírformi.
- 3.2. Ef upplýsingar um viðskiptamenn eru varðveittar á rafrænu formi skal bankinn tryggja að þær séu geymdar á öruggum miðli þar sem öryggisráðstafanir eru uppfærðar í samræmi við yfstrustu kröfur hverju sinni.
- 3.3. Ef upplýsingarnar um viðskiptamenn eru á pappírformi þá skulu þær varðveittar í skjalavörslu bankans.
- 3.4. Bankinn skal tryggja að í starfsemi hans sé farið eftir reglum um *stjórnun upplýsingaöryggis* við varðveislu upplýsinga um einstaka viðskiptamenn, hvort sem upplýsingarnar eru varðveittar á rafrænu formi eða pappírformi.
- 3.5. Þegar ekki er lengur notagildi í upplýsingum um viðskiptamenn sem eru persónugreinanlegar skal bankinn leitast við að eyða þeim. Ef gagnið sem upplýsingarnar eru varðveittar í er talið hafa sögulegt gildi þá eru auðkennanlegar upplýsingar afmáðar en gagnið að öðru leyti varðveitt áfram hjá bankanum.
- 3.6. Þegar eyða skal upplýsingum um viðskiptamenn skal það gert með tryggum hætti, t.d. þannig að pappír skal sendur til eyðingar og rafrænum gögnum markvisst eytt.

#### **4. Aðgengi starfsmanna að upplýsingum um viðskiptamenn**

- 4.1. Upplýsingar um viðskiptamenn bankans eru aðgangsstýrðar. Starfsmenn bankans skulu einungis hafa aðgang að þeim upplýsingum um viðskiptamenn sem eru nauðsynlegar í tengslum við störf þeirra.
- 4.2. Yfirmenn skulu hafa aðgang að öllum upplýsingum sem undirmenn þeirra hafa aðgang að nema ef reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum takmarka aðgang að upplýsingum frekar en kveðið er á um í 4.1. gr.
- 4.3. Regluvörður hefur eftirlit með aðgangsstýringu starfsmanna og skal sjá til þess að viðkomandi starfsmaður eða starfseining hafi einungis aðgang að upplýsingum sem eru nauðsynlegar í tengslum við starf þeirra.

#### **5. Miðlun upplýsinga til þriðja aðila**

- 5.1. Starfsmenn bankans, auk stjórnarmanna, endurskoðenda og þeirra sem taka að sér verk í þágu bankans, eru bundnir þagnarskyldu um allar upplýsingar sem þeir fá um viðskiptamenn bankans, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þagnarskylda samkvæmt framangreindu helst þótt látið sé af starfi.
- 5.2. Þrátt fyrir 5.1. gr., er starfsmönnum bankans heimilt að veita upplýsingar um viðskiptamenn á grundvelli skýrrar lagaskyldu þar um, ef lögmæt beiðni kemur frá viðskiptamanninum sjálfum, forráðamanni hans eða umboðsmanni. Ennfremur er heimilt að miðla upplýsingum ef beiðni þess efnis berst frá opinberum aðilum, s.s. lögreglu, Fjármálaeftirlitinu eða öðru lögbæru yfirvaldi.
- 5.3. Bankinn mun þrátt fyrir 5.1. gr., miðla upplýsingum af eigin frumkvæði ef bankanum er skylt að tilkynna um viðskipti á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006. Í því felst m.a., að bankanum ber að tilkynna lögreglu ef grunur leikur á um að viðskiptavinir noti þjónustu bankans til peningaþvættis og/eða fjármögnunar hryðjuverka.
- 5.4. Bankinn mun þrátt fyrir 5.1. gr., miðla upplýsingum um viðskiptamenn til aðila sem gengist hafa í ábyrgð fyrir skuldbindingum viðskiptamanns á grundvelli laga um ábyrgðarmenn nr. 32/2009. Bankinn mun í slíkum tilfellum einungis veita ábyrgðarmanni upplýsingar sem varða stöðu skuldbindingar, vanefndir eða aðrar mikilvægar breytingar á skuldbindingu viðskiptamanns, sem kunna að skipta ábyrgðarmann máli.

#### **6. Upplýsingaréttur viðskiptamanna**

- 6.1. Viðskiptamenn eiga rétt á að fá afrit af gögnum sem innihalda upplýsingar er varða málefni þeirra hjá bankanum, enda standi lögmætir hagsmunir viðskiptamanns til þess. Óski viðskiptamaður eftir afriti af gögnum skal hann senda bankanum beiðni þess efnis þar sem fram kemur á skýran og afmarkaðan hátt hvaða gögnum er óskað eftir.
- 6.2. Beiðni um upplýsingar samkvæmt 6.1. gr. skal senda regluverði, sem hefur milligöngu um afhendingu gagna. Regluvörður kann að hafna beiðni viðskiptavinar ef afhending upplýsinganna er andstæð persónuverndarsjónarmiðum og trúnaðarskyldu bankans, sbr. 58. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

6.3. Þrátt fyrir rétt viðskiptamanna til að fá afrit af gögnum samkvæmt 6.1. gr., mun bankinn ekki afhenda upplýsingar um viðskiptamenn sem koma fram í vinnugögnum starfsmanna, s.s. tölvupóstum, minnisblöðum eða öðrum ónákvæmum gögnum.

## 7. Skráning á notkun upplýsinga

7.1. Bankinn skráir notkun starfsmanna á upplýsingakerfum bankans. Viðskiptamenn eiga kost á óska eftir yfirliti yfir hvaða hvaða starfseiningar innan bankans hafa unnið með upplýsingar sem varða málefni þeirra hjá bankanum. Slík beiðni þarf að vera skrifleg, rökstudd og málefnaleg.

7.2. Viðskiptamenn eiga ekki rétt á að krefjast persónugreinanlegra upplýsinga um starfsmenn bankans sem hafa unnið með eða skoðað upplýsingar um viðkomandi viðskiptamann. Við mat á því hvort og hvaða upplýsingum um vinnslu viðskiptamannaupplýsinga verður miðlað til viðskiptamanna, skulu sjónarmið laga nr. 77/2000 höfð til hliðsjónar, sem og ákvæði 58. gr. laga nr. 161/2002.

7.3. Beiðni um upplýsingar samkvæmt 7.1. gr. skal senda regluverði í tölvupósti: regluvordur@kvika.is. Bankinn áskilur sér rétt til að innheimta gjald fyrir kostnað við að svara fyrirspurnum um vinnslu viðskiptamannaupplýsinga og kostnað við afritun þeirra gagna sem miðlað er til viðskiptavinar eða þriðja aðila. Gjaldið fer eftir gildandi verðskrá bankans eins og hún er birt á vefsíðu bankans hverju sinni.

## 8. Eftirlit


8.1. Innri endurskoðandi hefur eftirlit með reglum þessum og skal gera reglulegar úttektir á notkun starfsmanna á upplýsingakerfum bankans.

## 9. Birting og gildistaka

9.1. Reglur þessar eru samþykktar af stjórn bankans þann 18. ágúst 2017.

9.2. Reglur þessar eru aðgengilegar viðskiptamönnum á heimasíðu bankans, [www.kvika.is](http://www.kvika.is).


Samþykkt af stjórn Kviku banka hf. 18. ágúst 2017.




Þorsteinn Pálsson




Jónas Hagan Guðmundsson



Guðmundur Þórðarson



Inga Björg Hjaltadóttir



Hrönn Sveinsdóttir